



213. fundur Skólanefndar FS

14. janúar 1997

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Jón Ingi Baldvinsson,
Stefanía Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir,
áheyrnarfulltrúarnir Þórunn Friðriksdóttir Tryggvi Þór
Reynisson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innritun á vorönn 1997.
 2. Fjárhagsuppgjör fyrir 1996.
 3. Starfsemi nemendafélagsins.
 4. Önnur mál.

1. Innritun á vorönn 1997.

Skólameistari sagði frá innritun á vorönn, fjölda nemenda og breytingum á innheimtu innritunargjalda í samræmi við ný lög um framhaldsskóla.

2. Fjárhagsuppgjör fyrir 1996.

Skólameistari kynnti bráðabirgðatölur varðandi fjárhagsstöðu skólans sem er viðunandi eins og er. Skólameistari var þó ekki bjartsýnn vegna fjárhags skólans á þessu ári en kennslustuðull skólans hefur lækkað og fjárveitingar vegna öldungadeildar hafa ekki hækkað í samræmi við fjölgun nemenda.

3. Starfsemi nemendafélagsins.

Tryggvi Þór, formaður NFS, sagði frá starfsemi félagsins og aðgerðum vegna þess að nemendur eru ekki lengur skyldugir til að vera í nemendafélaginu.

4. Önnur mál.

- a) Nýr húsvörður, Hörður Bjarnason, hefur tekið til starfa við skólann.
- b) Rætt um að nefndin þurfi að huga að hlutverki skólanefndar samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla. Ákveðið að stefna að fundi skólanefndar með kennurum skólans föstudaginn 14. febrúar kl .10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari